

26 Fyrir því mæli ég svo fyrir, að Alþingi, sem nú situr, skuli rofið frá þeim degi að 23. maí telja, er almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu sumri.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

27

27. maí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn beri til að stytta fresti þá, er um ræðir í 26. og 66. gr. kosningalaganna við kosningar þær, er fram eiga að fara 5. júlí 1942.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 5. júlí 1942, skulu öll framboð í kjördæmum tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Landlistar skulu tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 27 dögum fyrir kjördag.

2. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningaréttar síns utan kjörfundar við alþingiskosningar 5. júlí 1942, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 25 dagar eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.